



Þ. S. Þórður Sveinsson (?), grein eða greinargerð

Bjarni Benediktsson – Þ. S. Þórður Sveinsson (?), grein eða greinargerð – Hljómsveitin fannst ekki – Skárri manna

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmalamaðurinn
Askja 2-5, Örk 9

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík, 25. okt. 1936.

Í annað sinn kann Sjálfstæðismannafélag geta fengið aðsókn að ámóta skemtisamkomu sem þeirri, er það bauð upp á í gærkveldi, - en oftast ekki.

Samkoman átti að hefjast kl. hálf 9, en var loks sett rétt um kl. 10, þá fyrir vart meira en "hálfu húsi".

Fresta varð söng af því að hljómsveitin fanst ekki. Vissi eg ekki betur en eftir henni væri spurt að minsta kosti tvívegis, án árangurs. Skemtistjóri varð að biðja afsökunar á þessu.

Setningarræða var of löng.

Ræða hr. Sigurðar Kristjánssonar varð að lokum góð, en áður en hann komst að efninu, hafði hann talað mjög lengi. Svona formálar duga ekki.

Söngur var nauða-tilkomulaus. Meðferðin á "Hvað er svo glatt" var hörmuleg. ~~Þetta varð mjög ástundavert.~~
~~Þetta varð mjög ástundavert.~~

Komið var fram undir miðnætti er "skemtun-
inni" var fyrst aflétt. Stóð lengi á að dans ^{byrjaði.} ~~byrjaði.~~

Stjórn Árna í Múla var að vísu ágæt, —

eins og áður, en það er misráðið að láta sama manninn stjórna alltaf. Um að gera að sýna sem flestum þá tiltrú, að fela þeim stjórnina. Það hænir ekki einungis manninn sjálfan að félaginu, heldur þykir fólki gaman að geta dæmt um framkomu sem flestra.

Sennilega mun ekki hafa verið þarna nema einn alþingismaður, og í raun og veru ekki nema tveir-þrír málsmetandi menn, eða leiðtogar flokksins. Svona tómlæti gengur ekki. Fólkið tekur fljótt eftir ~~xxxxxx~~ slíku. Það hugsar og ályktar á þá leið, að "þeir" geti notað sig til þess að kaupa aðgöngumiða, en sjálfir sé þeir of-fínir til að koma á svona samkomur, sem það síðan fer að kalla skröll.

Ef leiðandi menn flokksins hætta að koma á þessar samkomur, getur fólkið ekki ímyndað sér annað, en að hér sé um fjársöfnun að ræða. Væri þá bezt af efna til daglegra "Báru-balla".

Skárri fólkið hættir að sækja þessar samkomur. Hér má vitna í annað dæmi: Fyrir 10-15 árum voru samkomurnar á íþróttavellinum 17. júní einhver mesti viðburður ársins meðal skárri manna, ~~viðburður sem kom við~~

slagaði upp í ~~makka~~ Derby-dag í Englandi, þar sem mótast ýmsir þættir ~~íxx~~ til heils árs í ýmsum þáttum heldra fólksins.- Nú hefir sú breyting á orðið, að "17. júní" er ekki orðinn nema svipur hjá sjón, allt þar í niðurníðslu og engi rækt lögð við að láta fara vel um gesti, eða hana þá þangað. Ef til vill stafar breytingin að einhverju leyti af því, að íþróttavöllurinn er nú kominn úr einkaeign. Allir skárri menn eru fyrir löngu steinhættir að koma þangað.

Eftir kl. 11 tók fólk að fjölga til muna á samkomunni, og virtist það nær ~~xxx~~ eingöngu ungviði. Sá eg ekki betur, en flestir þessara gesta kæmi inn um aðaldyr hússins, og þá sennilega án aðgöngumiða. Eflaust hefir þetta fólk verið af ýmsum flokkum, en það kom sér vel að fá það til þess að draga úr fæð ~~gxnx~~ hinna fyrri gesta, sem höfðu keypt sig inn. Það er ekki ósennilegt, að talsverður hluti aðgangs eyris fari til Jóhannesar á Borg fyrir það að hann lokar veitingastofunni allt kveldið. Með ekki ~~xxx~~ meiri aðsókn en í þetta skifti ~~makka~~ ætti að mega spara nokkurn skatt til Jóhannesar með því, að hafa samkomuna í gylta salnum og stofunum þar

innan við, fram eftir kveldinu. Eftir aðal-
skemtunina, söng og ræðuhöld, ætti svo að
rýma salin fram í veitingastofuna, það er,
eftir að venjulegir gestir eru farnir þaðan,
rétt eftir kl. 11.30. Yrði þá dansað í gylta
salnum.-

Auðvitað væri hitt betra, að fá fult
hús, og hafa allar stofur og sali undir, eins
og hin fyrri skifti, en á því þarf ekki að
halda, ef fólk hættir að koma.

Það verður að fá einn eða tvö einsöngvara
til að skemta, einn til að spila tvö þrjú lög
solo, og nokkura skemtilega ræðumenn, sem fyrir
fram sé tekinn eiður af, að tala ekki lengi, og
komast ~~xxxxx~~ **strax** að efninu.

En umfram ~~axkxxx~~ allt verða þingmenn
og leiðandi menn flokksins að koma á þessar
samkomur, margir. Skifta þarf um skemtiatriði og
ræðumenn með hverjum fundi.

Þessar ^{almennu} athugasemdir ná að miklu eða öllu
til skemtisamkomanna á Eiði. - Þær dala fljótt,
ef haldið verður áfram með að vanfækja þær,
eins og byrjað var á í sumar. ~~XXXX~~ P.S.